

# NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI  
**511 1188**

DESEMBER 2013 • 12. TBL. • 26. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU  
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



## 110 gjafir í „jól í skókassa“

Alls söfnuðust 110 gjafir í „jól í skókassa“ verkefninu í ár til munaðarlausra og fátækra barna í Úkraínu frá nemendum Grunnskóla Seltjarnarness, fjölskyldum þeirra og starfsfólki skólans. Með þessum gjöfum gleðjum við 110 börn sem fá jólagjöf um þessi jól. Alls söfnuðust 4.586 gjafir á landinu öllu.

„Jól í skókassa“ er á marga hátt endurvinnsluverkefni. Setja má notuð föt í kassana, leikföng sem enginn leikur sér lengur og nýta þannig hlutina betur og áfram. Síðan sprettur gleðin fram með því að gefa, gleðja og hjálpa öðrum sem búa við önnur kjör en við. Síðast og ekki síst er hollt og gott að setja sig í spor annarra og kynna þá hvernig aðrir lífa.



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

**24**  
Hagkaup

**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi

Sundagörðum 2 | Sími: 533 4800

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum á Seltjarnarnesi óskum við eftir eignum í sölu.

Góður sólutími framundan.

- Sölumat án skuldbindingar
- Persónuleg þjónusta
- Myndataka af atvinnuljósmyndara
- Vönduð sölugögn
- Sanngjarn sölukostnaður

Hafið samband við Gylfa Þórisson sölustjóra í síma **822-0700** eða á netfangið **gylfi@midborg.is**

Gylfi Þórisson  
Sölustjóri

Björn Þorri Viktorsson  
Hfl. og Lögg. Fasteignasali

**HEILSUHOF**  
V/ SUBURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Systrasamlagið

Virka daga: 9 - 18  
Laugardagar: 10 - 16  
sjá nánar á [www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



**Hafðu bankann  
með þér**



# NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

## Frumkvöðlasetur á Eiðistorgi

Á fimmtudag í liðinni viku var frumkvöðlasetrið Innovation House opnað með formlegum hætti á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Stofnandi þess er Jon von Tetzchner fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi en hélt síðar út í heim til náms og starfa í tölvuheiminum. Þekktastur mun hann fyrir hönnun Opera vefskoðarans ásamt norðmanninum Geir Ivarsøy og stofnun Opera Software. Á undanförmum árum hefur Tetzchner starfað að ýmsum frumkvöðlaverkefnum á sviði nýsköpunar- og tölvumála auk þess að vera áhrifamikill fjárfestir. Hann hefur verið duglegur að setja fjármuni í íslensk nýsköpunarfyrirtæki upp á síðkastið. Meðal annars hefur hann fjárfest í fyrirtækjunum OZ, SmartMedia, Budin, Hringdu og þá var hann nýlega að kaupa í fyrirtækinu Spyr. Innovation House á Eiðistorgi í hans gamla heimabæ er nýjasta verkefni hans hér á landi en þar er um frumkvöðlasetur að ræða. Nú þegar hafa um 20 sprotafyrirtæki aðsetur í húsinu og hyggur Tetzchner á frekari vöxt þess í framtíðinni. Það er ánægjulegt að frumkvöðlasetrið Innovation House skuli farið af stað á Eiðistorgi. Hér hefur skort tækifæri af þessu tagi og nauðsynlegt er fyrir Íslendinga vera vel meðvitaða um þátt þróunar- og sprotafyrirtækja í atvinnulífi landsmanna.

## Boðskapurinn er sífellt nýr

Nú liður að jölum og undirbúningur undir þessa hátíð ljóss og friðar hafin á flestum heimilum. Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur og frumkvöðull ritar jólahugleiðingu í Nesfréttir að þessu sinni. Í hugleiðingu sinn kallar hún fram minningar fólks um þessa hátíð kristinna manna en minnir einnig á nauðsyn sjálfsskoðunar og að læra að meta þær gjafir sem manninum hafa verið færðar. Boðskapur jóllanna er sífellt nýr þótt hann sé endurtekin aftur og aftur. Jólin eru líka kærkomið rof á árstíð skammdegisins. Tækifæri til samveru og tilbreytinga. Tækifæri til þess að efla og treysta fjölskyldubönd og náungakærleika. Stundum hættir fólki til þess að hlaða þessa daga óhófi en slíkt ber að varast. Jólin eru tími hófsemi þótt fólk njóti þeirra tilbreytinga sem gefast.

Með bestu óskum um Gleðileg jól.

## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

Fjárhagsáætlun Seltjarnarneskaupstaðar árið 2014:

## Rekstrarafgangur 18 milljónir



Fjárhagsáætlun Seltjarnarneskaupstaðar fyrir árið 2014 var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 13. nóvember sl. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur samantekins ársreiknings 2014 verði um 18 milljónir króna. Útsvarsprósenta á árinu 2014 var ákveðin 13,66%. Er það undir leyfilegu hámarksútsvari sem er 14,48%. Útsvarstekjur eru áætlaðar 1.846 milljónir króna og tekjur af fasteignasköttum 232 milljónir króna. Í forsendum fjárhagsáætlunarinnar er gert ráð fyrir að verðbólga verði 5% frá upphafi til loka ársins 2014. Bæjarfulltrúar fá ekki greidd nefndarlaun fyrir árið 2014. Spár gera ráð fyrir 6,0% til 9% atvinnuleysi í landinu.

Fjárhagsáætlunin var unnin sameiginlega af bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokks, Neslista og Samfylkingar. Við undirbúning og gerð hennar var lögð áhersla á að verja grunnþjónustu bæjarfélagsins, fræðslustarfsemi og félagslega þjónustu. Við gerð fjárhagsáætlunarinnar var einnig litið til þriggja ára áætlunar bæjarfélagsins fyrir árin 2015 til 2017. Elli og örorkulífeyrisþegar fá afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af íbúðarhúsnæði til eigin nota, skv. samþykktum reglum þar um. Laun eru hækkuð til samræmis við gildandi kjarasamninga Launaneðndar sveitarfélaga við þau stéttarfélag sem starfsmenn Seltjarnarnesbæjar taka laun samkvæmt. Í forsendum fjárhagsáætl-

unarinnar er ekki gert ráð fyrir breytingum á íbúafjölda á Seltjarnarnesi á árinu 2014.

Helstu gjöld á nesbúa samkvæmt fjárhagsáætluninni eru þessi auk 13,66% álagningarhlutfalls útsvars. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði verður 0,21% af fasteignamati, 1,32% af fasteignamati á opinbert húsnæði og 1,25% af fasteignamati á atvinnuhúsnæðis og óbyggt land. Lóðarleiga vegna A-hluta verður 0,40% af lóðarhlutamati og 1,75% af B-hluta. Vatnsgjald verður 0,11% af fasteignamati. Urðunargjald verður 13.600 krónur, Sorphreinsgjald 6.300 krónur og fráveitugjald verður 0,13% af fasteignamati.

## Nesbúinn



Ætti ég ekki að gerast frumkvöðull?



Fjárhagsáætlun Seltjarnarneskaupstaðar árið 2014:

## Bókun minnihlutans

Bæjarfulltrúar Neslistans og Samfylkingarinnar telja óraunhæft að gera ekki ráð fyrir neinum verðbreytingum á kostnaðarliðum í rekstri allra málaflokka Seltjarnarneskaupstaðar sem heyra undir aðalsjóð á milli ára. Í bókun þeirra frá bæjarstjórnarfundum þann 13. nóvember sl. segir að í ljósi þess að rekstrarniðurstæða aðalsjóðs sé í járnnum megi ætla að kostnaðarliðin sé vanáætlun og því hæpið að hægt verði að skila rekstri sveitarfélagsins hallalausum á næsta ári að því gefnu að aðrir liðir, bæði gjalda- og tekjumegin standist.

Í bókun sinni benda bæjarfulltrúarnir á í raun sé gert ráð fyrir talsverðri raunlækkun sem verði varla mætt nema með skerðingu á þjónustu. Ákvarðanir um slíkt verði að vera gegnsæjar og vel rökstuddar. „Við bendum á að mikið hefur verið hert að í rekstri bæjarins

á undanförunum árum og vafamál að lengra verði gengið í mörgum tilfellum,“ segir í bókuninni. Fulltrúar Neslistans og Samfylkingar lögðu einnig fram eftirfarandi bókun varðandi þriggja ára áætlun bæjarfélagsins. Þar segir m.a. að minnihlutinn hafi ítrekað bent á mikilvægi þess að þriggja ára fjárhagsáætlun bæjarins sé ítarleg og endurspegli framtíðarsýn og áherslur bæjarins um þjónustu og uppbyggingu. Sú þriggja ára fjárhagsáætlun sem nú liggja fyrir beri hinsvegar með sér að eingöngu sé verið að uppfylla lagaskyldu og engin tilraun gerð til að leggja mat á þarfir og þróun samfélagsins til næstu ára. Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Neslista sátu hjá við afgreiðslu þriggja ára fjárhagsáætlunar Seltjarnarness.

Fjárhagsáætlun Seltjarnarneskaupstaðar árið 2014:



## Ekki jákvæð skilaboð

Bæjarfulltrúar Neslistans og Samfylkingarinnar telja algera óvissu um endurbætur og viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Seltjarnarnesi eftir framkomna fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2014. Bæjarfulltrúarnir telja þetta ekki jákvæð skilaboð.

Í bókun þeirra frá bæjarstjórnarfundum 13. nóvember sl. er minnt á að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 hafi verið samstaða innan bæjarstjórnar um að fresta endurbótum og viðbyggingu við íþróttamiðstöðina til næsta árs og nota tímunn til þess að undirbúa þá framkvæmd enn betur. Einnig er minnt á að undirbúningshópur hafi verið settur á laggirnar til

þess verks og hafi hann skilaði skýrslu í september síðastliðnum. „Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna verkefnisins, hvorki undirbúnings eða framkvæmda og því algjör óvissa um framhaldið. Þetta er miður og ekki jákvæð skilaboð til þess mikla fjölda sjálfbóðaliða sem heldur uppi íþróttastarfinu í bænum. Í þessu tilviki ekki síst til þeirra sem standa að starfi fimleikadeildarinnar. Það skortir framtíðarsýn í uppbyggingu innviða og þjónustu og ákvarðanir um framkvæmdir einkennast af stöðugu undanhaldi og frestunum,“ segir í bókuninni.



## Jólin eru í SYSTRASAMLAGINU...

- Fallegt handbragð - Fallegt efni - Falleg hugsun - Fallegt innihald



Jafnvægi um hátíðirnar með lifrænni hollustu



Jógadýnur og fylgihlutir af bestu gæðum



Fallega hönnuð lifræn jóga- og þægindaföt



Nærandi náttúruilmir og ilmvötn



Fljótum og njótum á nýju ári!

### Afgreiðslutími:

Virkir dagar 9 - 18  
Laugardagar 10 - 16

### Sérstakir opnunartímar fyrir jól:

Sunnud. 22. desember 12 - 16  
Þorláksmessa 9 - 20

Suðurströnd 10, Seltjarnarnesi

Fyrir neðan sundlauginu og World Class.  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)



## Ásgerður í fyrsta sæti

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri varð í fyrsta sæti í prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnarnesi sem fór fram 9. nóvember sl. og mun því leiða framboðslistann við kosningarnar að vori.

Guðmundur Magnússon framkvæmdastjóri er í öðru sæti. Bjarni Torfi Álfþórsson framkvæmdastjóri í þriðja sæti, Sigrún Edda Jónsdóttir deildarstjóri í fjórða sæti, Magnús Örn Guðmundsson viðskiptafræðingur í fimmta sæti, Karl Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri í sjötta sæti og Katrín Pálsdóttir háskólakennari í sjöunda sæti.



Ásgerður Halldórsdóttir.

## Samfylkingin býður fram

Samfylkingin mun bjóða fram sérlista við bæjarstjórnarkosningarnar á komandi vori. Þetta var ákveðið á fundi Samfylkingarunnar á Seltjarnarnesi í síðustu viku.

Ekki er búið að ákveðna hver muni leiða listann eða hver sætaskipan verður. Margrét Lind Ólafsdóttir gefur kost á sér í fyrsta sætið líkt og við síðustu

bæjarstjórnarkosningar.

Þá er nokkuð ljóst að minnsta kosti þrjú framboð munu líta dagsins ljós fyrir bæjarstjórnarkosningarnar því gera verður ráð fyrir að Neslistinn muni einnig bjóða fram. Enn er langur tími til stefnu til að efna til framboða þannig að vissulega geta þau orðið fleiri áður en yfir lýkur.

**NES FRÉTTIR**

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

## Gáfu Mánabrekku þrjár spjaldtölvur



Soffía Guðmundsdóttir tekur við spjaldtölvunum úr hendi Sigurðar Engilbertssonar.

Félagar í Lionsklúbb Seltjarnanes gáfu þrjár spjaldtölvur til leikskóla Seltjarnanes Mánabrekku 12. desember sl.

Leikskólastjórinn Soffía Guðmundsdóttir tók við tölvunum úr hendi Sigurðar Engilbertssonar formanns Lions á Seltjarnarnesi. Áður

sungu börn í barnakór leikskólans nokkur jólalög undir stjórn Sesselju Kristjánsdóttir tónmenntakennara sem lék undir á orgel. Á síðasta ári gáfu Lionsmenn á Seltjarnarnesi leikskólanum tvær spjaldtölvur sem komu að góðum notum við sérkennslu.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu og frábærar móttökur á nýja staðnum.



Iris og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12  
[iris@salonnes.is](mailto:iris@salonnes.is) | [www.salonnes.is](http://www.salonnes.is)



**Skrúður**

Glæsilegt jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin

Girnileg jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin og jólabröns laugardaga og sunnudaga – frá 15. nóvember og fram til 27. desember. Afslappað andrúmsloft, góð þjónusta og dýrindis matur draga að vinnufélaga, vinahópa og saumaklúbba á virkum dögum og kvöldum.

[www.skrudur.is](http://www.skrudur.is)





# Gleðilega hátíð

Við óskum þér gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

**Starfsfólk Íslandsbanka Seltjarnarnesi**

Við bjóðum  
góða þjónustu

[islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



# Blómatími í bókasafninu

Mikil fjölgun gesta hefur verið í Bókasafni Seltjarnarness í nóvember og desember sem helgast aðallega af fjölbreyttum viðburðum sem þar hafa verið í boði. Fyrst má nefna sýningu Guðlaugs Arasonar, Álfabækur, sem var opnuð í safninu fimmtudaginn 7. nóvember að viðstöddu fjölmenni.

Verk Guðlaugs eru einstök í sinni röð og hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir mikið hugvit og nákvæmni. Sýning hans stendur til ársloka. Á höfundakynningu, sem haldin var í Bókasafninu þriðjudagskvöldið 26. nóvember var setið í sérhverju sæti og stól sem finna mátti í safninu, en um 200 manns sóttu viðburðinn. Höfundarnir sem lásu úr verkum sínum og fjölluðu um þau undir dyggri stjórn Sigurðar G. Tómassonar voru Vigdís Grímsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Jón Kalman Stefánsson. Þau slógu á léttu strengi og gestir í sal gátu forvitni sinni með fjölbreyttum spurningum og spjalli. Rithöfundarnir Sírýr Arnardóttir og Inga Björg Stefánsdóttir glöddu yngri kynslóðina með nærveru sinn í nóvember og lásu úr



Strengjasveit Helgu Þórarinsdóttur úr Tónlistarskóla Seltjarnarness hélt sína árvissu aðventutónleika í Bókasafninu.

nýttkomnum bókum sínum, Tröllastrákurinn sem gat ekki sofnað og Undirborgir. Við sama tilefni tóku þau Anna Ólafsdóttir 11 ára nemandi í Mýrarhúsaskóla og Dagur Þórisson 10 ára nemandi við sama skóla við viðurkenningu Bókaverðlaun barnanna 2013 sem er samstarfsverkefni Bókasafns Seltjarnarness og Skólabókasafns Grunnskóla Seltjarnarness.

## Tónlistarviðburðir í safninu

Strengjasveit Helgu Þórarinsdóttur úr Tónlistarskóla Seltjarnarness hélt sína árvissu aðventutónleika í Bókasafninu en tónleikarnir eru samstarfsverkefni safnsins og Tónlistarskólans. Mikill áhugi var á tónleikunum, sem um sextíu manns sóttu. Leikin voru verk eftir Mozart og tónlist sem kom öllum í hátíð-

arskap. Þrjónanámskeið Héléne Magnússon fór fram tvo daga í nóvember og desember og voru þátttakendur um þrjátíu. Héléne hefur getið sér gott orð fyrir frumlega nálgun með þrjónið, en meðal annars hefur hún staðið fyrir útivist þar sem í senn er gengið og þrjónað. Á námskeiðinu lærðu þátttakendur m.a. að gera sérstakar jólabrúður.

Síðustu viðburðir Bókasafnsins fóru fram fyrstu vikuna í desember þar sem bókmenntafélagið fékk rithöfundinn Kristínu Marju Baldursdóttur til sín í heimsókn og ræddi bók hennar Kantötu og fékk að skyggast inn í nýtt leikrit sem frumflutt verður eftir höfundinn í Borgarleikhúsinu í mars. Þá bauð Sírýr barnabókavörður yngstu börnunum upp á lestur og myndasýningu upp úr bókinni Hvað er að Leó ljón? eftir þá Robert Kraus og Jose Aruego. Dagskrá bókasafnsins á nýju ári hefst með fundi Bókmenntafélagsins þriðjudaginn 7. janúar kl. 19:30 þar sem lestrarfélagar ræða bækur sem þér tóku sér í hönd yfir jólin. Að vanda eru allir velkomnir.



Kæru sjálfstæðismenn.

Bestu þakkir fyrir stuðninginn í prófkjörinu.

Baráttukveðjur!  
Magnús Örn  
Guðmundsson

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk  
Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA

EIÐISTORGI 13 - 15

SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162


## Gott að gefa - gaman að lesa!



Von - Saga Amal Tamimi. Konunnar sem óttaðist um líf sitt og flýði á ævintýrlegan hátt til Íslands.



Undir hraun. Einstök frásögn Sigga á Háeyri af eldgosinu í Heimaey.



Sir Alex. Mögnuð bók um þennan magnaða knattspyrnustjóra og það sem á hefur gengið í hans lífi, jafnt sigra sem sorgir.



Húmor í Hafnarfirði. Bráðsmellnar sögur af Hafnarfirðingum, skráðar af Ingvari Viktorssyni.



Skagfirskar skemmtisögur 3. Gamansemi! Skagfirðinga er einstök og þeir sem lesa þessa bók munu veltast um af hlátri.

BÓKAÚTGAFAFAN HÓLAR



# Við þökkum fyrir frábærar móttökur

**Landsbankinn opnaði í nóvember** nýja kynslóð útibúa við Hagatorg í Vesturbæ. Viðtökur hafa verið frábærar og viljum við þakka fyrir þær af heilum hug.

## Breytt meðhöndlun á reiðufé

Öll meðhöndlun seðla er í nýrri gerð hraðbanka þar sem m.a. er hægt að leggja inn reiðufé og greiða reikninga.

## Aukin þjónusta

Með nýrri tækni hefur skapast tækifæri til að gera þjónustu bankans enn persónulegri og sérhæfðari.

Við bjóðum ykkur velkomin í útibú Landsbankans við Hagatorg í Vesturbæ. Allar nánari upplýsingar um breytingarnar er að finna á [landsbankinn.is/nyutibu](http://landsbankinn.is/nyutibu).



# Frumkvöðlasetrið opnað

Frumkvöðlasetrið Innovation House á Eiðistorgi var opnað með pomp og prakt fimmtudaginn 12. desember sl. Jon Stephenson von Tetzchner stofnandi Innovation House ávarpaði samkomuna ásamt Ragnheiði Elinu Árnadóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Kristjáni Frey Kristjánssyni og fleirum.

Þegar eru í kringum 20 sprotafyrirtæki af ýmsum toga með aðstöðu í húsinu og það hefur íðað af lífi í allt haust. Gestum og gangandi

var boðið að kynna sér starfsemi hússins og fyrirtækjanna sem hafa þar aðstöðu en auk þess var boðið upp á léttar veitingar. Aðeins tók nokkrar vikur að fylla hið nýja frumkvöðlasetur sem hóf starfsemi síðla sumars og nú þegar eru um eða yfir 100 starfsmenn í húsnæðinu. Í dag eru 24 herbergi til staðar í húsnæðinu á tæplega 800 fermetrum en þar var áður skrifstofa Lyfjastofnunar. Fljótt eftir að Innovation House opnaði dyr sínar nú í

haust myndaðist langur biðlisti áhugasamra fyrirtækja. Lágur leiguverð, aðgangur að frjóu umhverfi og mikið líf og fjör eru sennilega helstu ástæður þessarar miklu eftirspurnar. Fyrirtækin eru af ýmsum toga og starfa m.a. við vöru- og fatahönnun, hugbúnaðargerð, ferðaþjónustu, fjármál, heilbrigðisvísindi, svefnmeðferð, fjölmiðlun, verkfræði og fleira.

Myndir eru frá opnunni 12. desember sl.



Grillið  
Á HÓTEL SÖGU



Jólaveisla Grillsins hefst 21. nóvember. Bjóðum upp á þriggja, fjögurra og sjö rétta matseðla með íslensku lostæti í hátíðarbúningi.

Framúrskarandi hráefni, metnaðarfullir matreiðslumenn og úrvalsjónusta gera Grillið að veitingastað á heimsmeðlikvarða. Upplifðu eitthvað sérstakt – komdu í eftirminnilega kvöldstund í Grillið.



# Óviðjafnanleg og innan seilingar

Ekki þvælast um bæinn  
þveran í leit að jólagjöfum.  
Verlaðu heima í héraði  
á hagstöðu verði.



Í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar.  
Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í  
Bókakaffi stúdenta, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðuðu allar  
skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdenta.

  
**KAUPFÉLAG**  
stúdenta

## bóksala stúdenta

Viskubrunnur við Vatnsmýrina.

Háskólatorgi - [www.boksala.is](http://www.boksala.is) - [www.facebook.com/boksala](http://www.facebook.com/boksala)

# Sóknarnefnd opnar dyrnar



Sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju bauð starfsmönnum á bæjarskrifstofu Seltjarnarness í heimsókn til sín á dögunum og kynnti fyrir þeim starfsemi safnaðarins og bauð þeim upp á léttan morgunverð.

Vel fór á með safnaðarfólki og starfsfólkinu, en í litlu samfélagi er mikilvægt að hlúa að og efla samskipti á milli allra aðila.

## Anna Kristín heiðruð

Anna Kristín Jensdóttir sálfræðinemi hefur verið heiðruð fyrir merki sem hún hannaði fyrir bækling jafnréttisnefndar Seltjarnarness. Athöfnin fór fram í fjölmennri messu í Seltjarnarneskirkju 1. desember sl., sem var fyrsti sunnudagur í aðventu. Séra Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur heiðraði hinn unga Seltirning.

Annar Seltirningur, Þórir Guðmundsson frá Rauða krossinum, flutti erindi, en faðir hans, Guðmundur Kristinsson, innrammari á Eiðistorgi, opnaði yfirlitssýningu á málverkum sínum í safnaðarheimilinu að messu lokinni. Um kvöldið var árlegt aðventukvöld kirkjunnar þar sem Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og rektor, flutti hugvekju. Kammerkór kirkjunnar, Litlu snillingarnir, Gömlu meistarnir



Anna Kristín er bundin við hjólastól en hér er hún með séra Bjarna Þór eftir messuna.

og Meistari Jakob sungu. Almennur söngur við kertaljós var í lokin og söfnuðurinn bauð upp á veitingar. Um fimm hundruð manns sóttu samanlagt athafnirnar.

Fjörutíu ára óbyggðaganga loks á enda?

## Hjúkrunarheimili rís við Nesstofu

Það er mikið fagnaðarefni að bæjarstjórn Seltjarnarness hafi samþykkt einróma að hjúkrunarheimili skuli rísa í næsta nágrenni við Nesstofu, nánar tiltekið við götuna Safnatröð sem afmarkast af Sefgördum og Nesbala. Eins og alkunna er sat fyrsti landlæknir okkar Íslendinga Bjarni Pálsson (1719 til 1779) í Nesi og er Nesstofa síðan eitt helsta kennileiti Seltjarnarness.

Hebresku þrælarnir sem flúðu Egyptaland forðum undir forystu Móse voru fjörutíu ár á ferð sinni gegnum óbyggðirnar eins og lesa má um í Mósebókum. Sjálfur náði Móse aldrei inn til fyrirheitna landsins. Því er það rifjað upp að liðin eru um fjörutíu ár frá því að faðir minn Jón Gunnlaugsson læknir (1914 til 1997) hóf ötula baráttu sína fyrir því að hjúkrunarheimili risi í Nesi. Ekki hafði hann árangur sem erfiði í því máli þrátt fyrir góðar undirtektir manna eins og Magnúsar Erlendssonar, fyrrverandi forseta bæjarstjórnar. Um síðir mátti faðir minn heitinn þola að vera sjálfur nánast fluttur hreppaflutningum og dveljast síðustu árin á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi. Hafði hann oft á orði er við heimsóttum hann þangað: „Hefðu vinir mínir á



Gunnlaugur A. Jónsson

Seltjarnarnesi hlustað á mig hefðu þið ekki þurft að keyra 30 km á dag til að heimsækja mig.“

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, á heiður skilið fyrir vinnu sína að þessu máli. Hér skal það þakkað sem og hin mikilvæga samþykkt bæjarstjórnar. Margir munu fylgjast með að dráttur verði ekki á málinu nú þegar farsælur lyktir eru loks í sjónmáli.

Söfn eru góðra gjalda verð en starfsemi í þeim anda sem áður var í Nesi er besti minnisvarðinn um þá sögu sem staðurinn geymir.

Gunnlaugur A. Jónsson



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**

**Bíla- og bátarafmagn**

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

16 ára reynsla og  
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON  
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX  
LIND



## Brosbókin tilnefnd

Brosbókin eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og Elsu Nielsen hefur hlotið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barna- og unglingabókmennta. Um er að ræða þeirra fyrsta höfundaverk. Jóna Valborg er höfundur hugmynda og texta og Elsa á heiðurinn af hönnun og myndskreytingum. En þess má geta að Elsa býr á Seltjarnarnesi.

Dag einn hverfur brosið hennar Sólu á dularfullan hátt. Mamma og pabbi eru í öngum sínum. Hafði Sóla týnt brosinu sínu á meðan hún svaf? Hafði kannski einhver stolið því? Sagan lýsir á ævintýrlegan hátt leitinni að brosinu. Um er að



Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen.

ræða bráðskemmtilega og gullfallega bók sem hvetur börn til að tjá sig um líðan sína. Jóna Valborg er með M.Paed. gráðu í íslensku og kennslufræði. Hún hefur kennt íslensku, lífsleikni og leiklist í framhaldsskólum og sat um tíma í ritnefnd tímaritsins Börn og menning. Jóna hefur jafnframt starfað

við auglýsingar og markaðsmál, verkefnastjórnun og almanna-tengsl en stundar nú meistaranám í mannauðsstjórnun. Elsa Nielsen útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands og starfaði í 13 ár sem Art Director á auglýsingastofu ENNEMM en rekur nú

eigið hönnunarfyrirtæki undir nafninu Nielsen hönnunarstofa. Hún hefur hlotið margar viðurkenningar og verðlaun fyrir grafíska hönnun, bæði héraðs og erlendis. Elsa hefur haldið sjö einkasýningar á sviði málalistar og verið með í nokkrum samsýningum.



*Gjafabréfin*

*frá Snyrtistofunni Eðistorgi  
eru ómissandi í jólapakkan*



## Afmæli okkar allra

Seltjarnarnesbær fagnar 40 ára kaupstaðarafmæli 9. apríl 2014. Af því tilefni kallar menningarsvið bæjarins eftir hugmyndum frá bæjarbúum og öðrum um viðburði eða verkefni sem gætu átt heima á afmælisárinu þ.e. frá 9. apríl til ársloka 2014. Viðburðir og verkefni geta tengst afmælisdeginum sjálfum, skipulagðri dagskrá bæjarins, eins og Gróttudegi, Jónsmessu, 17. júní hátíðarhöldum, bæjarhátíð, Safnanótt eða öðru. Þeir geta einnig staðið sjálfstæðir og ekki í tengslum við skipulagða dagskrá. Til greina kemur að leggja verkefnum einhvern fjárhagslegan stuðning.

Áhugasamir um þátttöku á afmælisárinu sendi inn tillögur þar sem fram kemur:

- Heiti verkefnis og stutt lýsing á því
- Tímasetning
- Staðsetning
- Fjármögnun
- Nafn, kennitala og netfang ábyrgðarmanns

Hugmyndir skulu sendar inn fyrir föstudaginn 20. desember 2013 á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Menningarsvið, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi, eða á netfangið [soffia@seltjarnarnes.is](mailto:soffia@seltjarnarnes.is).

Viðtal við Hilmar Guðjónsson

# Ég ánetjaðist leiklistinni snemma

**H**ilmar Guðjónsson leikari hefur leiklistina í blóðinu. Hann segir áhugann hafa aukist og eflst þegar hann var við nám í Kvennaskólanum og síðar neitaði hann að gefast upp við að komast inn í Leiklistarskólann. Á árinu 2012 var hann valinn einn af 10 efnilegustu leikurum Evrópu af European Film Promotion en Kvikmyndamiðstöð Íslands er aðili að þeim samtökum. Þetta val fer þannig fram að valdir eru 10 leikarar á svokallaðan Shooting Star lista en þeir eru taldir eiga það sameiginlegt að þykja líklegir til að ná langt í sínu fagi. Val þetta fer fram einu sinni á ári og er tilgangur þess að koma efnilegum leikurum á framfæri. Ástæður þess að Hilmar var valinn á þennan lista efnilegra leikara var frammistaða hans í kvikmyndinni Á annan veg eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson, en einnig var litið til frammistöðu hans í Bjarnfreðarson eftir Ragnar Bragason. Að undanfögnu hefur Hilmar farið með hlutverk George í hinu víðfræga meistaraverki Mýs og menn eftir John Steinbeck í Borgarleikhúsinu og nú standa yfir æfingar á Hamlet eftir sjálfan William Shakespeare.

Í álti dómnendur European Film Promotion var Hilmar sagður vera „sannfærandi og frábær leikari, með kraftmikinn og einkennandi stíl, sem með fjölbreytileika sínum eigi vænlegan feril framundan.“ Tíðinda- maður var að hugleiða þessi orð á meðan hann beið Hilmar fyrir utan Háskólatorgið á dögnum þar sem þeir höfðu mælt sér mót. Þegar Hilmar birtist á reiðhjólínu bárust hjólreiðar hins vegar í tal. „Já – ég hjóla alltaf héðan úr Vesturbænum og inn í Borgarleikhús. Ég byrja þó daginn á að nota Yarissinn því ég fer með barnið í pössun í Austurbæinn, skutla svo bílnum heim og tek hjólið.“ Eftir að hafa náð í kaffi berst talið að uppruninum að Seltjarnarnesinu þar sem Hilmar á nær öll sín æskuspor. „Ég þekki Nesið út og inn því ég er fæddur þar og uppalinn. Ég bjó þar allt til 24 ára aldurs. Foreldrar mínir búa á Nesinu og ég kem þang- að oft.“ Hilmar segir frábært að vera strákur í því umhverfi sem Seltjarnarnes býður uppá. „Við vorum mikið upp á Valhúsahæð þar sem alltaf var hægt að finna sér eitthvað til þess að



Hilmar Guðjónsson sem George og Ólafur Darri Ólafsson sem Lenni í sýningu Borgarleikhússins á hinu sígilda verki Mýs og menn eftir John Steinbeck.

gera. Við þurftum ekkert að sækja út fyrir heimahagana. Höfðum allt sem við þurftum. Ég finn mig á vissan hátt heima á Seltjarnarnesi þótt ég sé fluttur inn yfir bæjarmörkin. Ég rata um allt. Þekki nánast hvern krók og kima og flestar bernskuminningar mínar eru á einhvern hátt tengdar þessum heimahögum.“

## Tæpast hægt að finna öruggara umhverfi

Hilmar segir sérstöðu Seltjarnarness einkum felast í að um endabyggð eða botnlanga sé að ræða. „Það er bara ein leið í burtu af Seltjarnarnesi og hin landfræðilega umgjörð heldur þétt utan um byggðina. Þannig verður samfélagið lokaðra. Fólk nær betur saman og íbúarnir verða meira sjálfum sér nógir en í byggðum sem eru hluti af stærri heild. Ég held að þetta sé einn helsti kostur samfélagsins á Seltjarnarnesi. Krakkasamfélagið tekur eðlilega mið af þessum aðstæðum og þeir sem eru að alast upp á Nesinu kynnast og blandast saman. Seltirningum hefur líka tekist að byggja gott skólahlald upp og Gróttta hefur afgerandi áhrif á uppeldi margra.“

## Leiklistarbakterían dafnaði í Kvennó

Eins og margra lá leið Hilmar

af Nesinu þegar framhaldsskólinn tók við. Hann fór í Kvennaskólann í Reykjavík þegar náminu í Valhúsaskóla lauk en segir það ekki hafa haft svo mikla breytingu í för með sér. „Já – ég fór í Kvennó. Það er ekki framhaldsskóli á Nesinu eins og kunnugt er og þegar kemur að þeim tímamótum í lífinu verður að fara út fyrir bæjarmörkin. Þegar ég fór í framhaldsskóla þá héldum við nokkrir krakkar af Nesinu hópinn. Ellefu krakkar úr mínum bekk í Való fóru í Kvennaskólann. Í stað þess að vera upp á Valhúsahæð fórum við niður í Miðbæ Reykjavíkur. Aðeins lengri leið og strætó tók við af tveimur jafnfljótum en að hluta voru þetta sömu krakkar sem maður hafði alist upp með og þekkti.“ Hilmar var búinn að fá leiklistarbakteríuna á þessum tíma en hún óx að hans sögn og dafnaði ágætlega í Kvennó. „Þar sýktist ég alvarlega af henni. Mikill leiklistaráhugi var að vakna innan Kvennaskólans sem þá var orðin blandaður framhaldsskóli og ég var með í að stofna leikfélag þar. Við settum saman leiksýningu sem sumarverkefni. Fengum inni með hana í Loftkastalanum vestur í Héðinshúsi þar sem var góð aðstaða til sýningarhalds. Eftir það fannst mér að ekki yrði aftur snúið. Ég ákvað að fara til náms í leiklistinni.“

## Hent út í fyrstu yfirferð

Hilmar segir það þó ekki hafa gengið þráðbeint fyrir sig. „Ég sótti um inngöngu í Leiklistarskólann en það gekk ekkert. Mér var bara hent út í fyrstu yfirferð sem var mjög lærdómsríkt. Þetta var fyrsta höfnun mín að þessu leyti. Ég varð því að hugsa málið upp á nýtt. Hugsa um hvort ég ætlaði að verða leikari eða að snúa mér að einhverju öðru sem ég vissi ekki hvað ætti að vera. Ég þurfti að ákveða hvort ég ætlaði að hafa fyrir því að komast áfram eða bara að leika mér. Ári síðar sótti ég aftur um inngöngu í Leiklistarskólann og var þá búinn að undirbúa mig mun betur. Ég var alveg kominn með fæturna niður á jörðina og það dugði til. Ég komst í skólann.“

## Leikið á móti stórvöxnum mönnum

Hilmar útskrifaðist frá Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2010 og var þegar fastráðinn við Borgarleikhúsið. Hilmar lék sitt fyrsta hlutverk í Borgarleikhúsinu að lokinni útskrift haustið 2010 í Ofviðrinu á Stóra sviðinu og hlutverk Guðfinns Maacks í Nei Ráðherra og síðan Fuglahræðuna í Galdrakarlinum í Oz. Af öðrum verkum sem Hilmar hefur tekið þátt í má nefna Fanney og Alexander eftir Ingmar Bergman



og leikritið Rautt sem fjallar um listamanninn Rothko sem var einn af þekktustu listmálurum 20. aldarinnar. Hilmar lék aðstoðarmann listamannsins en Jóhann Sigurðarson lék Rothko sjálfan. Litli og stóri væri hægt að segja um þá þar sem Hilmar er fremur smávaxinn en Jóhann er með stærri mönnum. Sama má segja um annað og ekki síður þekkt verk sem nú er á fjöllum Borgarleikhússins en það er Mýs og menn eftir John Steinbeck þar sem Hilmar leikur annað burðarhlutverkið, hlutverk hins smá en knáa Georg á móti Ólafi Darra Ólafssyni sem leikur Lenna stóra barn. Hilmar segir þetta mjög áhugaverð verkefni. „Mér hefur sem leikara fundist gaman að skapa persónur sem eru frábrugðnar sjálfum mér eins og Georg. Þetta var erfiðara með Ken í Rautt. Hann var á einhvern hátt líkari mér en ég gerði mér grein fyrir. En það var bæði krefjandi og ekki síður lærdómsríkt að takast á við þann karakter.“

#### Að vera afslappaður á sviðinu

Hilmar heldur áfram að ræða um leikhúsið og segir að öll undirbúningsvinna skili sér hvort sem leikarinn standi fyrir framan áhorfendur í sal eða auga kvikmyndavélarinnar.

„Fyrir utan að læra textann þarf maður að ná að vinna sig upp í að geta staðið afslappaður á sviðinu eða á tókustaðnum. Allt sem maður vinnur að við undirbúninginn skilar sér og aðalatriðið er að ná þessu takmarki um afslöppun. Ef það tekst ekki fer allt of mikil orka í að halda sér afslöppuðum frá einni stund til annarar eða frá einu atriði til annars. Leikarinn má ekki rembast við að ná til áhorfenda því þá er hætta á að hann virki fráhrindandi og komi ekki þeim boðskap til skila sem honum er ætlað. Áhorfendur eru fljótir að skynja og átta sig á hvort leikarinn er bundin af innri streitu sem jafnvel er að hamla honum eða hvort sýningin rennur auðveldlega frá einu atriði til annars. Ef maður er ekki búinn að vinna úr þessu á æfingum og orðinn vel afslappaður þá þarf að vinna þetta á frumsýningunni og jafnvel öllum sýningum. Ef til vill bý ég að uppeldinu og ýmsum æskuverkefnum á Nesinu þegar kemur að þessu. Ég vann bæði á leikjanámskeiðum og sem stuðningsfulltrúi og starfaði þá við að aðstoða þá sem einhverra hluta vegna voru á eftir í náminu. Ég vann líka talsvert með fötluðum og þá ekki síst krökkum sem voru á einhverfurófi. Með þessu held ég að mér hafi tekist að safna talsverðri reynslu sem nýtist í leiklistinni.“



Hilmar Guðjónsson, leikari.

#### Að stílfæra tímalaut verk inn í nútímann

Og næsta stóra verkefni er framundan hjá Hilmar. „Já – lífið heldur áfram og núna er ég að æfa Hamlet sem verður frumsýnt 11. janúar næstkomandi á afmæli Leikfélags Reykjavíkur.“ Ýmis stílbrogð hafa verið reynd í uppsetningum á verkum Shakespeare eins og þekkt er en Hilmar segir uppfærsluna nú einkum snúast um að gera fólki skiljanlegt að verkið eigi erindi við samtímann í dag rétt eins og það átti erindi við samtímann þegar Shakespeare skrifaði það.“ Talið barst að persónum leikbókmenntanna sem geta talið til skyldleika við Hamlet. Þar á meðal Pétri Gaut Ibsens og Galdra Lofti Jóhanns Sigurjónssonar. „Ég las Gal-

dra Loft í Való. Hafði gott af þeim lestri. Ég var lengi hálfvegis hræddur við bækur. Var svona hæglaes en kunnir vel við að lesa samtöl. Svo kom þetta. Ég fór að þora meira í bækurnar. Tengslin á milli Shakespeares og Ibsens eru nokkuð ljós og greinilegt að Jóhann hefur þekkt til verka þeirra þegar hann notar íslenska þjóðsögu um Loft skólapihl á Hólum og skrifar Galdra Loft eftir henni. Þráin eftir mikilli viðurkenningu eða öllu heldur þráin eftir ofurmenninu kemur fyrir hjá þeim öllum. Mýs og Menn er af öðrum þræði. Þar er samband tveggja gjörólíkra manna nýtt til hins ýtrasta til þess að fjalla um hinn mannlega þátt. Stundum hefur verið sagt af leikhúsfólki að í Mýs og menn sé hina fullkomnu leikritun að finna.“

#### Sjósund við Gróttu

En hvernig fer leikhúsmáðurinn að því að hlaða batteri. „Það skal ég segja þér og þá kemur Seltjarnarnes aftur í hugann. Ég stunda sjósund við Gróttu. Við erum þrír sem erum saman í hóp. Maður byrjar og fer svo að ánetjast þessu. Þetta er mjög góð hreyfing en það er hitamunurinn sem hleður batteri. Manni líður stórkostlega á eftir. Og svo er maður að gera þetta á Seltjarnarnesi.“

# Áramótabrenna á Valhúsahæð

**Safnast verður saman á Valhúsahæð.**

**Kveikt verður í brennu klukkan 20:30.**

**Hermann Arason stýrir fjöldasöng.**



Seltjarnarnesbær óskar bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.





## Leila opnar á Eiðistorgi

Ný snyrtistofa – Snyrtistofan Leila var opnuð á Eiðistorgi 12. desember sl. Það er Laufey Birkisdóttir sem á og rekur stofuna en hún er Nesbúum nokkuð kunn og hefur verið búsett á Nesinu árum saman.

Snyrtistofan verður opin á verslunartíma og hægt er að panta tíma í síma 5512323 og á netfanginu laufeyb@vortex.is Boðið verður upp á alla hefðbundna þjónustu hvað snertir meðferð og förðun fyrir öll tækifæri. Laufey kveðst von-

ast til þess að Nesbúar taki stofunni fagnandi í ört stækkandi flóru fyrirtækja á Seltjarnarnesi. Margt var um manninn á opnunardaginn þar sem boðið var upp á snyrtivörukynningu frá Clarins en snyrtistofan býður Clarins snyrtivörur og vinnur eingöngu úr þeim vörum. Á opnunardaginn var auk snyrtivörukynninganna boðið uppá veitingar frá Freistingum Thelmu og kynnt var skart frá Ástu Jóhanns. Beggi Smári sá svo um að engum leiddist með frábærum tónlistarflutningi.



## Dagur íslenskrar tungu í Mýró

Nemendur og starfsfólk Mýró héldu dag íslenskrar tungu hátíðlegan að vanda. Árgangarnir léku sér með orð á ýmsa vegu og hátíðasamkoma var haldin á sal skólans þar sem þrír árgangar skólans sáu um skemmtiatriðin.

Þriðjubekkingar sýndu leikrit

um ævi Jónasar Hallgrímssonar, fimmtubekkingar völdu falleg orð og útskýrðu þau og fyrstu bekkingar sungu íslensk lög. Um 30 nemendur úr 5. og 6. bekk heimsóttu svo allar deildir leikskólans og lásu fyrir krakkana þar.



## Jafnréttisviðurkenning Seltjarnarnesbæjar Tilnefning 2013



**Er vinnustaðurinn þinn fjölskylduvænn ?**

**Er jafnrétti kynjanna virt þar ?**

Samkvæmt jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar mun Bæjarstjórn Seltjarnarness veita einu sinni á hverju kjörtímabili viðurkenningu til þeirrar stofnunar eða fyrirtækis í bæjarfélaginu sem mest hefur unnið að framgangi jafnréttisáætlunar og / eða sýnt jafnréttismálum sérstakan alhug í verki.

Send hafa verið bréf til fyrirtækja og stofnana á Seltjarnarnesi þar sem óskað er eftir tilnefningum. Bréfið er bæði sent stjórnendum og trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Eru allir hvattir til þess að svara erindinu en frestur til þess rennur út 27. desember n.k.

Hafi fyrirtæki þínu ekki borist þetta bréf frá jafnréttisnefnd þá vinsamlegast snúið ykkur til Bæjarskrifstofu Seltjarnarness sem kemur til ykkar bréfi. Sími: 595 91 00  
Einnig er hægt að nálgast bréf og fylgigögn á heimasíðunni: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

**Jafnréttisnefnd Seltjarnarness**





## Taktu á móti póstinum þínum í Möppunni

Nú geturðu fengið allan póstinn þinn rafrænt í Möppuna. Enginn pappír og þú getur nálgast póstinn hvar og hvenær sem er.

**Hvernig geri ég pappírspóstinn rafrænan?**  
Við einfaldlega skönnum hann inn fyrir þig. Skráðu þig á [Mappan.is](http://Mappan.is) og sæktu um skönnunarþjónustu!

- **Þægileg** - Aðgengileg hvar og hvenær sem er
- **Umhverfisvæn** - Pappírslaus póstur
- **Örugg** - Pósturinn er geymdur á öruggu formi
- **Ókeypis** - Þú borgar ekkert fyrir Möppuna
- **Fljótleg** - Pósturinn berst þér samdægurs



# Jólin ganga í garð á Seltjarnarnesi

Hvert sem litið er þá er jólaundirbúningur í fullum gangi. Nesfréttir kíktu við á nokkrum stöðum í bænum og fylgdist með jólaundirbúningnum og tók þátt í tónleikahaldi og fleirum viðburðum sem tengjast aðventunni.



Starfsfólk á Bæjarskirkstofu Seltjarnarness tóku á móti sendingu af jólastjörnum.



Árni Pétursson rafvirki sér um að koma ljósunum á réttan stað á jólatrénu við Norðurströndina.



Nemendur í Tónlistarskóla Seltjarnarness halda sína jólatónleika í skólanum sem kemur öllum í sannkallað hátíðarskap.



Hinir árvissu jólatónleikar Tónlistarskóla Seltjarnarness voru haldnir í Seltjarnarneskirkju laugardaginn 30. nóvember. Hæfileikarík börn á öllum aldri stigu á svið og léku af fingrum fram.



Mikil hátíðarstemning ríkti í Seltjarnarneskirkju á fyrsta sunnudegi í aðventu þar sem fram komu um eittundrað manns. Gleði og fögnuður skein úr hverju hjarta og söngurinn og tónlistarflutningurinn bræddi alla viðstadda. Þeir sem komu fram voru Skólalúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness undir stjórn Kára Einarssonar, Barnakór Mýrarhúsaskóla, Sönghópur úr Valhúsaskóla og sönghópur eldri borgara undir stjórn Ingu Bjargar Stefánsdóttur. Kammerkór Seltjarnarneskirkju söng undir stjórn organistans og píanóleikara tónleikanna Friðriks Vignis Stefánssonar. Guðmundur Einarsson formaður sóknarnefndar ávarpaði gesti en sérstakur gestur á aðventukvöldinu var Jón Sigurðsson fyrrverandi ráðherra.



Það er líflegt um að litast á Bókasafni Seltjarnarness þegar líður að jólum. Auk þess að tína fram bækur um jólahald og föndurlöb af ýmsum toga þá kappkosta starfsfólkið við að gleðja gesti með fallegum skreytingum og blómum í anda jólanna.

**HÁGÆÐI.IS**  
**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**  
**FLÍSAÞAGNIR.IS**



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Sendum  
um allt land  
www.spilavinir.is



**KALEIDOS**  
Frábær skemmtun!



Við aðstoðum þig við að velja spilin.  
Úrvalið er hjá okkur!

**Spilavinir**

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · Sími 553 3450  
Verzlunin er opin virka daga 11-18 og laugardaga 11-16



# Hvar finn ég jólin mín?

Jól – orðið eitt kallar fram myndir og minningar, hlýju, ilm og bragð hjá okkur flestum. Fyrir marga er hátíðleiki jólanna byggður á hefðum og venjum fjölskyldunnar, og nú á aðventunni erum við flest með einhverjum hætti að undirbúa komu jólanna. Aðventan er tími tilhlökkunar fyrir flesta og mildar söknuð vegna þess sem við höfum misst.

Aðventan er tími uppgjör og sjálfsskoðunar hjá mörgum. Með sjálfsskoðun, því að rýna í sig og liðna daga, lærum við meta allar gjafir Guðs sem okkur hafa fallið í skaut. Við finnum til þakklætis fyrir allt hið góða í kringum okkur og megum ekki gleyma að þakka Guði og gleðjast með okkur sjálfum yfir öllu sem veitir okkur hamingju. Auðvitað komumst við ekki í gegnum slíka sjálfsskoðun án þess að rekast á erfiðar tilfinningar og minningar sem sumar eru fullar af trega og söknuði. Flest höfum við átt og misst. Við missi höfum við þurft að takast á við sársauka og langa daga. Allt er þetta hluti af litrófi lífsins; í lífinu skiptast á skin og skúrir. Á skúradögum lífsins ættum við að biðja Guð um hjálp og styrk til að takast á við erfiða daga en við verðum líka að klæða okkur eftir veðri og vindum. Ef við gerum það, getum við með gleði fækkað fötum þegar sólin skín og notið þess að vera til.

Um leið og við búum okkur undir jólin með bakstri og matargerð, með jólagjafagerð eða kaupum, hlýjum hugsunum til hvers annars og óskum hvert öðru gleðilegra jóla er okkur hollt að hugsa til þeirra sem þurfa að þola einsemd af ýmsu tagi. Á þessari adventu erum við á ný minnt á fyrirheit Guðs um Jesú Krist, son Guðs, sem kom í heiminn til þess að flytja okkur fagnaðarerindið – Jesú Krist sem gerði kraftaverk á fólki – Jesú Krist sem sagði: „Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.“

Ýmislegt getur orðið til þess að sprengja hefðbundinn ramma jól-

anna hjá okkur og valda okkur ugg og áhyggjum. En jafnvel þegar þannig stendur á býðst okkur huggun og gleði í boðskap jólanna, eins og skáldið Valdimar Briem orðar svo vel í sálmi sínum:

Í dag er glatt í döprum hjörtum,  
því Drottins ljóma jól.  
Í niðamykrum nætur svörtum  
upp náðar rennur sól.  
Er vetrar geisar stormur stríður,  
þá stendur hjá oss friðarengill blíður,  
og þegar ljósið dagsins dvín,  
oss Drottins birta kringum skín.  
Oss Drottins birta kringum skín.



Svana Helen  
Björnsdóttir

Eru englar á ferð um bæinn á þessum jólum? Þekkjum við einhverja slíka engla? Gleymum ekki að jólin snúast ekki fyrst og fremst um gjafir eða hefðir. Við mætum Jesú daglega á margvíslegan hátt, m.a. í okkar minnstu meðbræðrum. Með því að gefa okkur að þeim finnum við e.t.v. best jólin og jólagleðina.

Ég bið að Guð gefi þér sæluríka daga á þessum jólum. Megi hann færa þér frið og fögnuð í hjarta og sálu – veita þér kraft, hugrekki og styrk til að vera þú sjálf(ur) með öllu því sem í þér býr og Guð bjó til.

**Gleðilega adventu og gleðileg jól!**  
**Svana Helen Björnsdóttir**

Gleðileg jól  
og  
farsælt komandi ár!



Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða



## Félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa

Félagsstarfið hefur verið nokkuð öflugt það sem af er vetri. Góð þátttaka hefur verið á flestar uppákomur og þau námskeið sem boðið hefur verið uppá.

Félagsstarfið og kirkjan stóðu fyrir dagsferð um Árnes og Rangárþing í september, þar em heimsóttar voru kirkjur og farið á söguslóðir. Boðið var upp á námskeið í Laxdælu undir stjórn Kristínar Jónsdóttur og var það fullbókað. Til stendur að bjóða upp á fleiri bókmenntanámskeið næsta vertur. Breytingar urðu hjá timbarmönnum, en nú hafa þeir fengið aðstoðu í Mýrarhúsaskóla á miðvikudögum frá kl. 16.00 til 19.00. Vel sóttur haustfagnaður með grillmat og nikkuspili og leikhúsfærð á Mary Poppins í október. Við fengum áhugaverða heimsókn frá ljóðahóp eldri borgara í Gjabakka Kópavogi, og héldum skemmtilegt bingó í golfskálunum í nóvember. Samstarfið og samverustundirnar með unga fólkinu hafa fest sig í sessi síðasta miðvikudag í mánuði í Selinu öllum til gleði og ánægju, en á menningarhátið Seltjarnarness sem haldin var í október unnu eldri og yngri saman að bæði söng og skreytiatriðum. Fjölsótt aðventukvöld var haldið 28. nóvember á Skólbrautinni. Gömlu meistararnir syngja með litlu snillingum í helgistund í kirkjunni á fyrsta sunnudegi á aðventu.



Félagsstarfið heldur áfram skv. útgefinni dagskrá. Síðasti dagur fyrir jól er fimmtudagurinn 19. des. og fyrsti dagur eftir áramót er mánudagurinn 6. jan. Nokkrar dagsetningar í desember sem vert er að minna á:

**Mánudagur 16. desember kl. 15.00.** Karlakórinn Kátir karlar í salnum Skólbraut.

**Miðvikudagur 18. desember milli kl. 14.00 – 15.00** heimsækja nemendur Tónlistaskólans félagsstarfið á Skólbrautinni og spila fyrir gesti.

**Fimmtudagur 19. desember kl. 13.30.** Jóla-bingó salnum Skólbraut.

Ath. allir eldri bæjarbúar er hvattir til þátttöku og velkomnir á alla dagskrárliði félagsstarfsins hvort heldur þeir eru á Skólbraut eða annars staðar. Starfsmenn þakka ánægjulegt samstarf á árinu og óskar ykkur öllum gleðilegrar hátíðar, árs og friðar.

## UMHVERFISHORNID

### Undirbúningur jólaanna

Jólin eru hátíð ljóssins. Þá er kveikt á fleiri ljósum og þau oft látin loga lengur en aðra daga ársins. Hluti af undirbúningi jólaanna á að vera að ganga úr skugga um að þau ljós sem nota á séu í góðu lagi. Óvandaður, skemmdur og rangt notaður ljósabúnaður getur valdið bruna og slysum. Rafmagn er einn stórvirkasti brennuvargur nútímans. Á hverju ári verða margir eldsvoðar sem eiga upptök sín í rafbúnaði. Stundum kviknar í vegna bilunar en oftast veldur gáleysi í umgengni við rafmagn slysum og íkveikju.



með jólapappír eða þá kanna aðrar lausnir. Utan um stærri pakka er til dæmis hægt að nota brúnan kraftpappír og klippa hann til, mála á hann eða skreyta á ýmsa vegu og gera þannig skemmtilega og frumlega pakka.



#### Atriði sem vert er að hafa í huga

- Látum aldrei loga á ljósum á jólatrénu yfir nótt eða þegar við erum að heiman.
- Hendum gömlu jólajósumum sem eru úr sér gengin.
- Notum ætíð ljósaperur af réttri gerð, stærð og styrkleika.
- Gætum þess að brennanleg efni séu ekki nálægt jólajósum.
- Óvarinn rafbúnaður getur valdið raflosti.
- Vörum okkur á óvönduðum jólajósum.
- Inniljós má aldrei nota utandyra.
- Förum eftir leiðbeiningum um uppsetningu og notkun.
- Látum logandi kerti aldrei standa ofan á raftæki.
- Góður siður er að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir hver jól.

#### Jólapappír

Áætluð notkun á jólapappír á Íslandi eru 3-4 milljón metrar um hver jól. Skrautpappír er í fæstum tilvikum endurvinnanlegur. Litaður jólapappír með málmáprentun eða glimmeri er alls ekki endurvinnanlegur. Við bætist að jólapappír hefur ákaflega stuttan líftíma og er framleiddur erlendis á óumhverfisvænan hátt og er því mengandi á öllum stigum. Í því ljósi er ef til vill umhugsunarinnar virði að reyna að fara sparlega

#### Grenitré er sígrænt

Með því að skreyta grenitré undirstrikum við gjafmildi jarðar og þá töfra sem náttúran býr yfir. Árlega kaupa Íslendingar um 40.000 jólatré, flest þeirra eru innflutt eða um 75%. Hin 25% hafa vaxið hér á landi. Umhverfisáhrif innfluttra trjáa eru mun meiri en þeirra innlendu. Þau hefur þurft að flytja um langan veg með skipum sem brenna olíu - það skilur eftir spor í vistkerfi jarðar.

#### Lifandi tré fimm sinnum umhverfisvænna

Sumum dettur eflaust í hug hvort ekki er betra fyrir umhverfið að við notum plasttré sem endast árum saman. Sú er oftast ekki raunin. Rannsóknir benda þvert á móti til að lifandi jólatré séu að jafnaði fimm sinnum umhverfisvænna en jólatré úr plasti. Ástæðan er meðal annars sú hversu mikla orku þarf til að framleiða plasttrén. Einnig hversu mikil orka fer í að flytja plasttrén á markað en flest munu þau vera framleidd í Asíu. Íslensk jólatré bera síðan af innfluttum trjám þegar umhverfisáhrif ræktunarinnar eru borin saman. Þar við bætast svo flutningarnir.

Heimildir: Mannvirkjastofnun og Náttúran.is

*Gleðileg jól  
F.h. umhverfisnefndar  
Margrét Pálsdóttir, formaður.*

## Þríkrossinn

Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.

Íslenskt handverk  
Fæst um land allt



Stuðningur til sjálfstæðis

BLINDRAFÉLAGIÐ  
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939



# Helgiöld um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju

## 22. desember

Messa og sunnudagaskóli kl. 11. Selkórinn syngur undir stjórn Oliver Kentish. Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur, þjónar. Organisti er Friðrik Vignir Stefánsson. Nokkrir textar Sigurðar Björnssonar, verkfræðings, sungnir. Kaffiveitingar.



## 23. desember

Organisti leikur á orgelið á Þorláksmessukvöldi kl. 22-23.

## 24. desember

Aftansöngur kl. 18. Sóknarprestur, organisti kirkjunnar og Kammerkórinn.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30. Sóknarprestur, organisti kirkjunnar og Kór Menntaskólans í Reykjavík.

## 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar. Organisti kirkjunnar og Kammerkórinn.

## 26. desember

Helgistund í tilefni af Kirkjuhlaupi kl. 10 árdegis. Sóknarprestur þjónar ásamt organista.

## 29. desember

Messa kl. 11. Sóknarprestur þjónar. Organisti og Kammerkór. Kaffiveitingar.

## 31. desember

Heitt súkkulaði og piparkökur kl. 20.30 – kl. 22. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið áramótalög. Þeir sem koma af eða fara á brennu geta komið við í kirkjunni, hlýjað sér og fengið hressingu.

## 1. janúar

Hátíðarguðsþjónusta. Sóknarprestur þjónar ásamt organista. Félagar úr Kammerkór kirkjunnar syngja. Ræðumaður er Brynjar Nielsson, alþingismaður.

## 5. janúar

Kántrýmessa og sunnudagaskóli kl. 11. Hljómsveitin Vinir Axels syngja. Sóknarprestur þjónar ásamt organista kirkjunnar. Kaffiveitingar.

# Allt til jóla og jógaíðkunar í Systrasamlaginu!

Systrasamlagið á Seltarnarnesi sem stofnað var um mitt þetta ár hefur m.a. annars sérhæft sig í vörum sem hafa sterka hugsun á bakvið sig. Áhersla okkar er á að andinn sé í efninu. Þannig hugum við allt í senn að fallegu handbragði, fallegum efnum, fallegri hugsun og fallegu innihaldi. Það á jafnt við um fatnaðinn, ilmína, jóga-vörurnar, snyrtivörurnar, matinn okkar, kaffið og teið, vítamínin og bætiefnin og gjafavörurnar.



...ilmir frá Indlandi og Pacifica ilmivötn unnin úr náttúrulegum ilmkiarna- og ilmólíum. Endast lengi, ilma unaðslega og fara frábærlega í veski. Eru líka alveg "vegan".

Hér eru nokkur dæmi um það sem Systrasamlagið hefur fram að færa...



...úrval af gullfallegum, notalegum og frábærlega hönnuðum þæginda/jóga/pilates/dansara og tækifæris-fatnaði úr

lífrænni (eiturefnalausri) fjórofinni siðgæðisvottaðri bómull. Við trúum á að þetta sé framtíðin.



...baggu leðurtöskur, -skjóður og -buddur. Leður og rúskinn unnið með gamaldags súturnaræðferð sem er mun umhverfisvænna en tíðkast í dag. Framúrskarandi hönnun.



...gefandi mölur og hálsfestar ýmist beint frá Nepal eða hönnuð af Ingu Óskars úr efnivið frá Nepal. Gera jólin litríkari, innhaldsríkari og fallegri.



...Manduka jógaðýrnar eru besta fjárfestingin sem í boði er í dag. Bjóðum fjórar tegundir jógaðýna og marga fylgihluti með s.s. jógaðöskur, jóga-handklæði, vatnsbrúsa, jógabönd og jógateppi. Eitthvað við flestra hæfi.



...Flothettan & Fótaflotið hefur notið mikilla vinsælda í Systrasamlaginu, ekki síst vegna þess að við höfum staðið fyrir Samfloti í Sundlaug Seltjarnarness. Ein af stærstu gjöfum flotsins (skv vísindalegum rannsóknum) er að hægt er að ná stöðugu þetabylgju ástandi á skömmum tíma (sama ástand og munkar hafa náð með reglulegri iðkun). Flot er í senn róandi, skapandi og gefandi.

**TAU FRÁ TÓGO**

...Tau frá Tógó. Gullfallegar vörur frá Sól í Tógó fást í Systrasamlaginu. Allur ágóði rennur til saumastofu Divine Providence í Aneho í Tógó og til heimilis systur Victorine, sjá nánar á facebook /Tau frá Togo.

...og svo er það lífræna bragðgóða kaffið okkar, chai-ið, te-ið, þeytingarnir, croissantíð, biscotturnar, samlokurnar og allt það. Allt úr eðalhræfni.

Systrasamlagið – heilsuhof Seltjarnarnesi v/Sundlaug Seltjarnarness  
Sérstakir opnunartímar fyrir jól:  
Sun 22. des 12–16 og Þorláksmessa 9–20  
Opið alla daga frá 9 til 18. Á lau frá 10 til 16 / Sími: 5116367

LÁTUM  
FRÍÐARLJÓSIÐ  
LÝSA UPP AÐVENTUNA



Með því að kaupa FRÍÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

 Hjálparstarf kirkjunnar



# Seltirningar eiga leikinn

Vestursvæðin á Seltjarnarnesi eru ein af náttúruperlum landsins. Svæðið er íslenskt útnes umlukið sjó á þrjá vegu með lággróðri, stórkostlegum fjörum og boðabrimum sem myndar endalaust sjónarspil. Á Suðurnesi eru Svörtubakkar einn flottasti útsýnisstaður yfir gjörvallan Faxaflóa. Á björtum og kyrrum dögum, jafnt vetur sem sumar, fæst þarna sjónarhorn frá innanverðum Flóanum sem á engan sinn líka. Allur Reykjanesskaginn, Esjan og norðurfjöllin blasa við ásamt Mýrafjallum og svo út allan Snæfellsnesfjallgarðinn að jöklinum. Allt virðist þetta í seilingarfjarlægð yfir sindrandi haflötinn sem kemur til af því hversu lágt maður stendur til að fá þetta mikla útsýni. Í deiliskipulagi Vestursvæðisins frá 2009 er á þetta bent og lagt til að þarna verði komið fyrir útsýnisaðstöðu. Því miður hefur ekki orðið af því ennþá, og spyrja má af hverju ekki? Er það nokkuð vegna þess að golfklúbburinn á þarna holi í hólum, ef svo má segja, og öðrum þar af leiðandi úthýst.

## Smekklausear merkingar

Ruðningsháhrif golfsins eru alþekkt. Lítið dæmi er uppsetning skilta síðastliðið sumar við göngustíginn norðvestan á Suð-



urnesinu. Skyndilega eru komin ósmekklek skilti sem stendur á: HÆTTA göngufólk... Friðurinn hefur verið rofinn, sumir snúa við og þora ekki inn á svæðið, telja sig í lífshættu eða að það verði rekið í burtu. Af göngufólki, skokkurum og slíku útivistarfólki stafar engin hættu. Á göngustígnum voru fyrir látlausir stöplur sem vekja athygli vegfarenda á golfvöllinum, en stóru skilitin eiga auðvitað að vera inni á vellinum þar sem kúlan er slegin. Ávarpið gæti verið: HÆTTA kylflingar meiðið ekki göngufólk.

Alla daga ársins í öllum veðrum fer almennt útivistarfólk svo þúsundum skiptir um Suðurnesið. Átta mánuði ársins er golfvöllurinn hinsvegar auglýstur lokaður eða er tómur vegna veðurs. Réttara væri að taka tillit til þessa í merkingum svæðisins.

## Umferð og útblástur

Þekktur fylgífiskur golfvalla eru stór bílastæði. Á golfvöllinum koma menn undantekningarlaust akandi, oftast einn maður í bíl, jafnvel af stærri gerðinni. Að iðkendur komi gangandi eða hjólandi á golfvöllinn mælist tæplega. Mikil mengun er samfara bílastæðunum vegna útblásturs og umferðar, en einnig hafa bílastæði neikvæð áhrif á gróður og fuglalíf og eru til mikilla lýta í fallegu landi. Við golfskálann á Suðurnesi eru 80 mörkuð bílastæði. Golfklúbburinn vill 110. Á góðviðrís-dögum er bílastæðið yfirfullt, en flesta daga ársins galtómt. Segjum svo að stærð golfvallarins væri tvöfölduð. Það gæti kallað á 250 bílastæði. Með tvísetningu þýðir það umferð 500 bíla sem fara 1000 ferðir í gegn um íbúðabyggðina á Seltjarnarnesi fram og til baka, fallegustu daga sumarsins. Er það eftirsóknarvert fyrir íbúana?

## Heilsa og umhverfi

Golfvellir eru skilgreindir sem einhæfisgróður (monoculture) sem þurfa bæði tilbúinn áburð og eitur til að þjóna hlutverki sínu. Rannsóknir í Bandaríkjunum sýna aukna dánartíðni golfvallarstarfsmanna af völdum krabbameins, heilaæxlis og eitla- og sogæðabólgu. Mikil andstaða umhverfissinna er við byggingu golfvalla við sjávarsíðuna, þar sem mengað grunnvatn getur komist til sjávar og spilt fjölbreyttu

lífríki fjörunnar og langt út frá landi. Nýjar golfvallabyggingar flýja til vanþróaðri landa þar sem ekki eru gerðar sömu kröfur og á Vesturlöndum um heilbrigði og hollustu, byggðar á samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærri þróun.

## Fríðsæld er verðmæti

Í átökum um þátttökurétt á Olympiuleikunum 2016 var haft á orði að golf væri meira veitingarekstur en íþrótt. Alls konar barir, betristofur og klúbbar í byggingum sem eru fimm stjörnu lúxushótel væri dæmigert og gjörólíkt félagsheimilum venjulegra íþróttafélaga. Á Nesinu eru fríar veitingar innifaldar í árgjaldi klúbbfélaga en einnig hefur flogið fyrir að áhugi sé á að færa út veitingastarfishönd með flutningi á betri stað í veg fyrir meiri umferð, en er inni á sjálfum vellinum. Þeir sem sækja Vestursvæðin heim eru að flýja ys og þys þéttbýlisins í leit að hreinu lofti og friði sem fæst í óspilltri náttúru. Aufúsugestir eru grunnskólabörn sem árvísst, á vorin og haustin eins og farfuglarnir, flykkjast út á Nes í „víndafærðir“. Með í pökanum er nestisbiti sem notið er í kyrrð náttúrunnar. Spillum ekki tærri fríðsæld með skarkala veitingahúsa, tyggjóklessum, sælgætisbréfum, bjórdós-um, sigarettustubbum og pylsu og Coke, það má fá annars staðar.

Birgir R. Jónsson

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Munið að panta tímalega fyrir jólin.

Hlynur, Sara, Anna og Edda

Stofa fyrir alla fjölskylduna.

Næg bílastæði



## Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk

Kristinn Rúnar Kjartansson

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára ábyrgð

Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSASMÍÐJAN

VELAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVELAÞJÓUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



## Jólaundirbúningur í Mýró

Undirbúningur jólanna hófst í byrjun desember. Skreytingadagurinn var 6. desember en þá unnu vinabekkir, eldri og yngri nemenda, saman og bjuggu til skraut á jólatréð í salnum.

Samkvæmt venju æfa 4. bekkingar helgileik sem er sýndur í kirkju

unni og 6. bekkingar æfa jólaleikrit sem sýnt verður á jólaskemmtunum skólans. Bekkirnir undirbúa komu jólanna á mismunandi hátt t.d. gera krakkarnir í 2. bekk fallegan engil og bjóða foreldrum sínum á jólaleik-sýningu. Tónlistarskólinn býður svo öllum nemendum á jólatónleika.



## Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Getum bætt við  
nemendum á selló og rafgítar  
frá og með áramótum.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans  
alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00.

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut  
Sími 5959-235 • tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is  
www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli

Skólastjóri

# FLUGELDASALA BJÖRGUNARSVEITANNA

28. des. Kl. 10-22  
29. des. Kl. 10-22  
30. des. Kl. 10-22  
31. des. Kl. 8-16

BJÖRGUNARMÍÐSTÖÐ  
VIÐ BAKKAVÖR

BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL  
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES





## Fjölmenni á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar



Síðbúin uppskeruhátíð knattspyrnudeildar Gróttu var haldin „með gamla laginu“ í Félagsheimili Seltjarnarness á dögunum þar sem allir flokkar fögnuðu saman og buðu upp á glæsilegt veisluhlaðborð.

Yngstu iðkendurnir fengu viðurkenningar fyrir skemmtilegt og lærdómsríkt keppnistímabil en einstaklingsverðlaun voru veitt í eldri flokkum. Bjarki Már Ólafsson hlaut

Ísbjarnarbikarinn sem var afhentur í 10. skipti en margir kunnir Gróttumenn hafa fengið þessi verðlaun síðasta áratuginn. Dusan Ivkovic, Guðjón Kristinsson og Orri Axelson hafa lokið störfum hjá Gróttu, í bili að minnsta kosti, og var þeim vel fagnað af gestum hátíðarinnar. Táknrænn endir á frábæru keppnistímabili en vafalaust verður það næsta ekki síðra hjá efnilegum Gróttukrökkum.

## Ragnheiður bikarmeistari og Gróttu stigameistari



Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir Gróttu gerði sér lítið fyrir og sigraði á bikarmóti Kraftlyftingasambands Íslands sem fram fór þann 23. nóvember sl. Ragnheiður sem keppti í 52 kg flokki setti Íslandsmet í hnébeygju með 140,5 kg lyftu, Íslandsmet í bekkpressu með 80 kg lyftu, Íslandsmet í réttstöðulyftu með 152,5 kg og Íslandsmet í samanlögðu með 373 kg, geri aðrir betur.

Gróttufólkið var afar sigursælt á mótinu með samtals fern gullverðlaun, þrenn silfurverðlaun og ein bronsverðlaun. Þá varð Arnhildur

Anna Árnadóttir stigameistari í hnébeygju með 180 kg lyftu og Ragnheiður stigameistari í réttstöðu. Aron Teitsson sigraði í 93 kg flokki og setti Íslandsmet í öllum þremur greinunum og í samanlögðu með 785 kg. Með þessum glæsilega árangri innsiglaði Gróttu sigur í stigakeppninni 2013 með fullt hús stiga en Gróttugrjótin höfðu áður unnið Íslandsmótið í bekkpressu, Íslandsmótið í kraftlyftingum og Íslandsmótið í réttstöðulyftu. Heildarúrslit mótsins má finna á <http://kraft.is/ragnheidur-og-sigfus-bikarmeistarar/>

[www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)



GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
170



Sími: 588 9705  
[www.skautaholl.is](http://www.skautaholl.is)

### Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.  
12:00 til 15:00  
Fimmtudaga  
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30  
Föstudaga  
13:00 til 19:30  
Laugardaga og Sunnudaga  
13:00 til 18:00  
**Skólar og sérhópar:** Mánudag til föstudags  
10:00 til 15:00



## Gróttu og KR sameinast í kvennaboltanum

Gróttu og KR hafa hafið samstarf í 2., 3. og 4. flokki kvenna með það að markmiði að efla kvennaknattspyrnu í Vesturbænum og á Seltjarnarnesi.

Flokkarnir hafa nú æft saman í mánuð og mælist samstarfið afar vel fyrir hjá bæði iðkendum og foreldrum þeirra. Æfingahópar flokkanna eru nú stærri og öflugri en áður og

verða stelpurnar í Gróttu/KR vafalaust til í slaginn næsta sumar gegn sterkustu liðum landsins. Magnús Örn Helgason og Bojana Besic stýra fjölmennum 4. flokki, Bojana Þjálfar 3. flokk og Hjörvar Ólafsson 2. flokk. Kastað var upp á nafn liðsins sem mun heita Gróttu/KR en enn er óvíst í hvernig búningnum þetta nýja og glæsilega lið mun spila.





Nauðsynlegt er að snyrta gróður sem hindrar umferð.

## Gróður verður að vera innan lóðarmarka

Nauðsynlegt er að snyrta gróður sem hindrar umferð. Af því til efni hefur Seltjarnarnesbær sent bréf til nokkurra garðeiganda á Nesinu. Í bréfin eru þeir hvattir til að snyrta gróður þar sem hann hindrar gangandi og hjólandi vegfarendur eða skyggir á umferðarskilti.

Að sögn Steinunnar Árnadóttur garðyrkjustjóra bæjarins er mikilvægt að bæjarbúar haldi gróðrinum innan lóðarmarkanna og gæti þess að hann hindri ekki eðlilega umferð um stíga bæjarins. Undan-

farin ár hafa garðeigendur tekið þessum ábendingum vel en Steinunn bætir við að ef garðeigendur séu í vafa um hirðingu gróðursins sé velkomið að hafa samband við hana og hún leiðbeinir um hvar á að klippa. „Samkvæmt reglugerðum ber garðeigendum skylda til að halda gróðri innan lóðarmarka,“ segir Steinunn, „en bærinn getur fjarlæggt hann á kostnað lóðareiganda hafi hann ekki sinnt aðvörum sem honum hefur borist. Sem betur fer hefur þó ekki komið til þessa,“ segir Steinunn að lokum.



Lið Seltirninga í Útsvari: Stefán Eiríksson, Saga Ómarsdóttir og Karl Pétur Jónsson.

## Lið Seltirninga mætir Borgarbyggð

Lið Seltirninga í Útsvari bar sig úr bítum í fyrstu umferð keppninnar. Liðið mætir því til leiks öðru sinni og hefur lið Borgarbyggðar valist gegn þeim. Keppnin verður háð í sjónvarpsal föstudaginn 20. desember.

Liðinu er óskað góðs gengis en

það er skipað þeim Karli Pétri Jónssyni ráðgjafa, Sögu Ómarsdóttur viðskiptafræðingi og markaðsfulltrúa hjá Icelandair og Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Seltirningar eru hvattir til að fjölmenna í sjónvarpsal og hvetja sitt lið til sigurs.

## Nesval

Verslun – söluturn – video

Melabraut 19 - Seltjarnarnesi

S: 561-1230

Um leið og Nesval óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Þá minnum við ykkur á opnunartíma okkar yfir hátíðarnar

### Jólasveinar

Lítið við í Nesval



### Opnunartími um jólahátíðarnar

24. des	11-17,00
25. des	13-21,00
26. des	11-23,00
27. des	11-23,00
28. des	11-23,00
29. des	11-23,00
30. des	11-23,00
31. des	11-17,00
01. jan	13-21,00

Alltaf góð tilbod í gangi  
Þökkum viðskiptin á árinu  
sem er að líða

Opin frá kl. 11-23.00

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Betri búð

Betra verð

Frosin **LAUFABRAUÐ**  
Njótum aðventunnar saman

www.ommubakstur.is



# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

**Afgreiðslutími:**  
9-18:30 virka daga  
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)